

## 11. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Glerárgötu 34, Kaffistofu Raftákns 20.02.2014.

Mættir:

Hlynur Jónsson formaður, Finnur Víkingsson, Finnur Aðalbjörnsson og Svala Haraldsdóttir.

Þetta var rætt:

1. Akureyrarbær hefur sett inn í fjárhagsáætlun sína fyrir árið 2014, 5 milljónir til framkvæmda á leiksvæði milli F og V –gila. Mun það duga til að klára svæðið og því sú framkvæmd úr höndum hverfisnefndar og útséð að nefndin getur eytt framlagi sínu í annað.
2. Því var ákveðið að efna til hverfisfundar með íbúum til þess að heyra hvað þeir vilja nota peningana í. Tala við foreldrafélag Giljaskóla og bjóða því sérstaklega að koma á fundinn til að viðra sínar skoðanir á framkvæmdir í hverfinu. Fundartími ákveðinn 27.febrúar í Giljaskóla.
3. Ræddar tillögur sem hverfisnefnd gæti lagt fram á fundinum til framkvæmda á árinu.

Eftirfarandi tillögur komu fram:

\* Fá lýsingu milli Vörðugils og Fossagils.

\*Setja upp lýsingu í Vættargilsbrekku og spurning með hvernig rofa yrði háttað. Finnur Aðalbjörnsson ætlar að finna út hver kostnaðurinn væri á þeirri framkvæmd.

\*reiknað með að foreldrafélagið myndi vilja framkvæmdir á leiksvæði við Giljaskóla.

4. Ákveðið að árétta við bæinn spurningu með lýsingu yfir gangbraut yfir Merkgil.
5. Ítreka ósk okkar um að krosslagður stígur fyrir ofan leiksvæðið (milli F- og V gila) verði malbikað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Svala Haraldsdóttir

fundaritari.